

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA



# Ársskýrsla

2025

## EFNISYFIRLIT

Starfsfólk SSNV	2
Stjórn SSNV 2024-2026	3
Skýrsla stjórnar fyrir árið 2025	4
Sóknaráætlun Norðurlands vestra	7
Sértæk verkefni Sóknaráætlunarsvæða – C1	10
Atvinnuþróun	11
Samstarf á vettvangi Ferðapjónustunnar	14
Auknar fjárfestingar á Norðurlandi vestra	16
Nýsköpun	20
Umhverfismál	21
Menningarmál	23
Erlend samstarfsverkefni	24
Byggðagleraugin	26
Framúrskarandi verkefni	27
Ungt fólk á Norðurlandi vestra - Ungmennæping SSNV 2025	29
Farsæld barna	30
Að koma Norðurlandi vestra og SSNV á kortið	31
Ráðstefnur og viðburðir	32

# STARFSFÓLK SSNV 2025



Katrín M. Guðjónsdóttir  
Framkvæmdastjóri  
Lét af störfum 31. mars '25



Guðlaugur Skúlason  
Verkefnastjóri



Davíð Jóhannsson  
Verkefnastjóri



Magnús Barðdal  
Verkefnastjóri



Matthías Rúnarsson  
Skrifstofu- og bókhaldsstörf



Sara Björk Þorsteinsdóttir  
Verkefnastjóri farsældar



Sveinbjörg Rut Pétursdóttir  
Verkefnastjóri  
Framkvæmdastjóri frá 18. mars '25



Berglind Björnsdóttir  
Verkefnastjóri



Brynja Sif Harðardóttir  
Fjölmíðla- og markaðsfulltrúi  
Lét af störfum 28. febrúar '25



# Stjórn SSNV 2024-2026



## **Kjörin til tveggja ára á ársþingi SSNV þann 11. apríl 2024.**

Einar E. Einarsson, formaður  
Magnús Magnússon, varaformaður  
Guðmundur Haukur Jakobsson  
Álfhildur Leifsdóttir  
Halldór G. Ólafsson

### Varastjórn:

Elín Aradóttir  
Erla María Lárusdóttir  
Þorleifur Karl Eggertsson  
Sólborg S. Borgarsdóttir  
Jóhanna Ey Harðardóttir

# Skýrsla stjórnar árið 2025



*Brúin yfir Héraðsvatnaósinn, Skagafirði.*

Að baki er viðburðaríkt og ánægjulegt ár í starfi Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra þar sem unnið hefur verið að fjölmörgum verkefnum sem miða að því að efla samfélag og atvinnulíf í landshlutanum.

Norðurland vestra býr yfir einstökum styrkleikum. Svæðið einkennist af víðáttumikilli og fallegri náttúru, fjölbreyttum auðlindum og sterku samfélagi. Í þessari víðáttu felast mikil tækifæri til framtíðaruppbyggingar, hvort sem litið er til landbúnaðar, nýtingar náttúruauðlinda, nýsköpunar eða þróunar nýrra atvinnugreina. Mikilvægasta auðlind svæðisins er þó mannauðurinn – fólkið sem býr hér og vinnur að því að byggja upp öflug og sjálfbær samfélög.

Atvinnulíf á Norðurlandi vestra byggir að stórum hluta á landbúnaði og vinnslu landbúnaðarafurða, en sjávarútvegur, iðnaður, orkumál og opinber þjónusta skipa einnig mikilvægan sess í atvinnulífi svæðisins. Fjölbreytni atvinnugreina er styrkur sem skapar grundvöll fyrir áframhaldandi þróun og aukna verðmætasköpun.

Starfsfólk SSNV vinnur af fagmennsku og metnaði að fjölbreyttum verkefnum í þágu sveitarfélaganna og atvinnulífs á svæðinu. Árangur þess starfs birtist meðal annars í aukinni aðsókn í atvinnuráðgjöf, aukinni þátttöku í þróunarverkefnum og miklum áhuga á styrkjum sem veittir eru á vettvangi sóknaráætlunar landshlutans.

Sá árangur sem náðst hefur undirstrikar mikilvægi hlutverks SSNV sem sameiginlegs vettvangs sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Samtökin gegna lykilhlutverki í að efla samstarf, styðja við nýsköpun og atvinnuþróun og vinna að því að skapa svæðinu traustan grundvöll til framtíðar.

## Sóknaráætlun

Árið var fyrsta starfsár nýs fimm ára samnings um Sóknaráætlun Norðurlands vestra við ríkið. Sóknaráætlunin er eitt mikilvægasta verkfæri landshlutans til að styðja við byggðaþróun, nýsköpun og atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Á árinu var lögð áhersla á að hrinda í framkvæmd áherslum samningsins, styðja við fjölbreytt þróunarverkefni og úthluta styrkjum til verkefna sem efla atvinnulíf, menningu og samfélag í landshlutanum. Verkefnin endurspeglu styrkleika svæðisins og sýna þann kraft sem býr í frumkvæði einstaklinga, fyrirtækja og samfélaga á Norðurlandi vestra.

Fjármunirnir nýtast best hjá þeim sem þekkja aðstæður og hafa innsýn í nærumhverfið, og með vandaðri Sóknaráætlun skapast tækifæri til að efla lífsgæði og samkeppnishæfni landshlutans.

Áhersluverkefni SSNV 2025 voru 17 talsins. Verkefnin eru nánar kynnt síðar í ársskýrslunni.

## Umhverfismál

Umhverfismál hafa fengið umtalsverða athygli á undanförunum misserum samhliða aukinni umræðu og umhverfisvitund. Loftslagsmál hafa verið afar áberandi en til umhverfismála teljast ótal margir aðrir þættir sem skipta máli, sérstaklega í nærumhverfi okkar. Eitt af meginmarkmiðum Sóknaráætlunar Norðurlands vestra er að stuðla að sjálfbærri þróun í landshlutanum. Lögð er sérstök áhersla á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og innleiða hugmyndafræði hringrásarhagkerfis í atvinnulífi og samfélagi. Jafnframt er unnið að því að stuðla að ábyrgari nýtingu auðlinda, draga úr sóun og minnka ósjálfbæra neysluhætti. Með slíkum aðgerðum er leitast við að styrkja umhverfislega ábyrgð svæðisins og tryggja að náttúruauðlindir þess séu nýttar með sjálfbærum hætti til hagsbóta fyrir komandi kynslóðir.



## Nýsköpun

Frumkvöðlastarf skiptir okkur miklu máli og með því að styðja við og efla sprotafyrirtæki höfum við byggt á sérstöðu svæðisins. Á árinu tóku landshlutasamtök um allt land höndum saman um að setja á laggirnar nýsköpunarhraðalinn Startup Landið, sem er sérstaklega ætlaður frumkvöðlum á landsbyggðinni. Markmið verkefnisins er að skapa vettvang fyrir einstaklinga og teymi sem vilja þróa hugmyndir sínar áfram og byggja upp ný fyrirtæki utan höfuðborgarsvæðisins. Með hraðlinum er leitast við að styrkja nýsköpun í heimabyggð, efla tengslanet frumkvöðla og veita þátttakendum aðgang að ráðgjöf, fræðslu og stuðningi í þróunarferlinu. Með þessu sameiginlega átaki landshlutasamtakanna er stigið mikilvægt skref til að auka tækifæri til nýsköpunar og verðmætasköpunar um land allt.

## Mannauður

Breytingar urðu á starfsmannahópi samtakanna á liðnu ári. Sara Björk Þorsteinsdóttir var ráðin inn sem verkefnastjóri farsældar um mánaðamótin janúar/febrúar 2025. Brynja Sif Harðardóttir, fjölmiðla- og markaðsfulltrúi samtakanna, lét af störfum í lok febrúar 2025. Þá lét Katrín M. Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri samtakanna, af störfum í lok mars 2025.



## Samstarf og sérstaða

Öll viljum við auka meðvitund um atvinnulíf á okkar svæði og styðja við framþróun í núverandi lykilatvinnugreinum. Við stefnum að því að fjölga störfum sem krefjast aukinnar menntunar og laða stofnanir og fyrirtæki til svæðisins. Til að ná því marki þurfum við að standa saman sem heild og vera samstillt um forgangsröðun og þróun.

Stjórn vill að lokum þakka starfsfólki samtakanna fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf á starfsárinu. Hjá SSNV starfar metnaðarfullt teymi sem vinnur af ástríðu fyrir samfélagið, fyrirtæki og fólk á svæðinu.

# Sóknaráætlun Norðurlands vestra

Árið 2025 var fyrsta árið af fimm ára samningi um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2025-2029. Framkvæmd samningsins gekk vel.

## Skipting sóknaráætlunar

Sóknaráætluninni er skipt í þrennt:

- a) Sóknaráætlun landshlutans,
- b) Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra og
- c) Áhersluverkefni.

## Fjármagn

Fjármagn frá ríkinu til samningsins árið 2025 var alls 109.148.650 kr. Við bætist framlag sveitarfélaga á Norðurlandi vestra 7.419.000 kr. sem tekið er af eigin fé samtakanna. Auk þessa voru viðaukasamningar að upphæð 48.306.200 kr. Aðrar tekjur námu 744.000 kr. Alls voru þetta 165.617.850 kr.

Skipting fjárins var sem hér segir:

- a) Uppbyggingarsjóður 60.000.000 kr., sem skiptist á milli menningarmála og atvinnuþróunar/nýsköpunar,
- b) áhersluverkefni 51.686.219 kr.,
- c) viðaukasamningar 48.306.200 kr.,
- d) umsýsla 12.000.000 kr.
- e) tekið af eigin fé samtakanna -6.374.569 kr.



**SÓKNARÁÆTLUN**  
NORÐURLANDS VESTRA

# Áherslu- verkefni 2025

Áhersluverkefni eru verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans. Verkefni geta til dæmis verið ráðgjafar- og átaksverkefni á sviði nýsköpunar, menningar og markaðsmála. Áhersluverkefnin skulu samþykkt af stjórn SSNV og þurfa staðfestingu stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál. Áhersluverkefni árið 2025 sem samþykkt voru af Stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál eru 17 talsins.

## Framlag úr Sóknaráætlun

- Mótun, innleiðing og eftirfylgni samskiptastefnu fyrir svæðið
- Örmymbönd - viðtöl
- Ungt fólk á Norðurlandi vestra
- Markaðssetning landshlutans
- Sýnileiki viðburða á Norðurlandi vestra
- Ferðapjónusta í sókn - Ævintýraferðapjónusta
- Ferðapjónusta í sókn - Söguferðapjónusta
- Ferðapjónusta í sókn - Viðburðir
- Nýsköpun á Norðurlandi
- Smáframleiðendur
- Starfamessa
- Sjálfbær landshluti
- Textíllab á Blönduósi
- Skíðasvæðið Norðurland vestra
- Fab-Lab
- Tækifæragreining á hótelpuppbyggingu
- Sjálfbær landshluti - Eimur

# Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra

Í starfsreglum úthlutunarnefndar segir svo í 1. lið: „7. Nefndin skal árlega skila greinargerð til ársþings SSNV um starf sitt.“ Störfum úthlutunarnefndar lýkur að öllu jöfnu fyrir jól fyrir úthlutun komandi árs. Hér á eftir fylgir stutt yfirlit yfir úthlutun úr Uppbyggingarsjóði 2026, sem lauk í desember 2025.

## Úthlutunarnefnd vegna úthlutunar 2026:

Á árinu var innleitt nýtt umsóknarkerfi fyrir Uppbyggingarsjóð Norðurlands vestra. Umsóknarferlið fer nú fram í gegnum umsóknakerfi Rannís, sem markar mikilvægt skref í átt að samræmdari og skilvirkari stjórnsýslu sjóðsins á landsvísu. Samhliða þessari breytingu var tekið upp nýtt matsferli fyrir umsóknir og skipulagi úthlutunar breytt. Fagráð sem áður komu að mati umsókna voru lögð niður og í þeirra stað starfar nú ein úthlutunarnefnd fyrir sjóðinn.

Stjórn SSNV skipar sex fulltrúa í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs til tveggja ára, þar af einn sem formann nefndarinnar, auk þess sem skipaðir eru tveir varamenn. Markmið breytinganna er að einfalda ferla, auka gagnsæi og tryggja faglega og skilvirka meðferð umsókna.

## Úthlutun styrkja fyrir árið 2026

Auglýst var eftir umsóknum um styrki með framlengdum umsóknarfresti til 28. október 2025.

Alls bárust 100 umsóknir þar sem óskað var eftir um 228 milljónum í styrki en til úthlutunar voru rúmar 76 milljónir. Á fundi úthlutunarnefndar þann 12. desember 2025 ákvað nefndin að úthluta 76 milljónum króna í 65 verkefni. Hér má nálgast greinargerð um verkefnin sem hlutu brautargengi.



# Sértæk verkefni

## Sóknaráætlunarsvæða – C1

Eyjólfur Ármannsson, innviðaráðherra, úthlutaði styrkjum að upphæð 140 milljónum króna til verkefna á vegum landshlutasamtaka sveitarfélaga. Styrkjunum er ætlað að efla byggðir landsins og er úthlutað til sértækra verkefna á sóknaráætlanasvæðum í samræmi við stefnumótandi byggðaaáætlun fyrir árin 2022-2036. Eftirfarandi verkefni hlutu styrkveitingu fyrir samtals 33.400.000 kr.

### **Þekkingargarðar.**

Verkefnið fólst í undirbúningi að stofnun þekkingargarða á Norðurlandi vestra með höfuðstöðvar á Sauðárkróki. Markmiðið var að tengja atvinnulíf, Háskólasamstæðu Háskóla Íslands, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og sveitarfélög, með áherslu á sjálfbæra matvælaframleiðslu sem byggir á styrkleikum svæðisins. Verkefnið hafði það að markmiði að efla nýsköpun, samkeppnishæfni atvinnulífs og skapa tækifæri til starfa og samfélagslegrar þróunar í landshlutanum. Verkefnið hlaut styrk að upphæð kr. 8.000.000.

### **Orkuskipti á köldum svæðum í Húnaþingi vestra – greining og undirbúningur.**

Verkefnið fólst í undirbúningi og greiningu á fýsileika uppsetningar staðarveitna með varmadælum á köldum svæðum í dreifbýli Húnaþings vestra þar sem ekki var mögulegt að tengjast hitaveitu. Markmiðið var að bæta búsetuskilyrði í dreifbýli, lækka orkukostnað og stuðla að betri nýtingu orku. Verkefnið hlaut styrk að upphæð kr. 7.200.000.

### **Gamli bærinn á Blönduósi – aðdráttarafi ferðamanna.**

Verkefnið fólst í hönnun sýnar á endurgerð gamla bæjarins á Blönduósi og þróun söguleiðsagnar með það að markmiði að efla ferðaþjónustu og skapa ný störf á svæðinu. Verkefnið náði til gagnaöflunar um sögu bæjarins, hönnunarvinnu, þróunar söguleiðsagnar í appi og kynningar á niðurstöðum. Verkefnið hlaut styrk að upphæð kr. 13.400.000.

### **Hjólin eru að koma – Tækifæragreining fyrir sjálfbæra hjólaferðaþjónustu á Norðurlandi vestra.**

Í verkefninu var unnin tækifæragreining fyrir hjólaferðaþjónustu á Norðurlandi vestra. Þar var þjónustuframboð og landfræðilegir möguleikar svæðisins metnir með tilliti til helstu tegunda hjólaferðamennsku og kortlagt hvaða innviði og þjónustu vantaði til að mæta þörfum þessa vaxandi markhóps. Markmiðið var að styrkja stöðu landshlutans sem áfangastaðar fyrir hjólræifólki og skapa ný tækifæri fyrir ferðaþjónustuaðila. Verkefnið hlaut styrk að upphæð kr. 4.800.000.

## Atvinnuþróun

SSNV starfar samkvæmt samningi við Byggðastofnun um atvinnu- og byggðaðróun. Markmið samningsins er m.a. að skapa grundvöll samstarfs um byggðaðróun í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum, með áherslu á búsetuskilyrði og samkeppnishæfni, nýsköpun- og atvinnuþróunarsamstarf. SSVN er ætlað að vera leiðandi í uppbyggingu atvinnuþróunar á Norðurlandi vestra með það að markmiði að fjölga atvinnutækifærum, auka fjölbreytileika þeirra starfa sem eru í boði, skapa hagstæð skilyrði fyrir ný verkefni og efla hagvöxt. Störf atvinnuráðgjafa miða meðal annars að því að þjónusta einstaklinga og fyrirtæki á svæðinu við þróun viðskiptahugmynda og markaðs- og rekstrarráðgjöf. Töluverður hluti vinnutíma atvinnuráðgjafa fer í ráðgjöf og aðstoð við gerð áætlana og umsókna til hvers kyns sjóða og lánastofnana. Þá hefur eftirspurn aukist eftir aðstoð við rekstrar- og viðskiptaáætlanir, markaðs- og kynningarstarf og yfirlestur og ráðgjöf við umsóknir í hina ýmsu sjóði. Þessi aukning í ráðgjöf við umsóknir í sjóði hefur skilað góðum árangri sem sést í fjölda verkefna á svæðinu sem hljóta brautargengi úr hinum ýmsu sjóðum.

Starfsfólk hefur frumkvæði að verkefnum sem miða að því að laða að fjárfestingar, efla frumkvöðlastarf og styðja lítil og meðalstór fyrirtæki sem ætlað er að örva atvinnustarfsemi og skapa atvinnutækifæri á svæðinu. Ennfremur getur vinna sem miðar að því að efla nýsköpun, t.d. Startup Landið, og tækniframfarir í stefnumótandi geirum leitt til þess að nýjar atvinnugreinar og klasar koma upp, sem knýja áfram hagvöxt og atvinnusköpun á svæðinu. Oft á tíðum skarast verkefni tengd atvinnuþróun við verkefni sóknaráætlunar að því leyti að verkefni sóknaráætlunar eru að miklu leyti atvinnuþróun/-ráðgjöf til styrkþega. Starfsfólk SSVN hefur annast framkvæmd Uppbyggingarsjóðsins, þ.e. eftirfylgni með verkefnum og því til viðbótar fer drjúgur hluti vinnutíma atvinnuráðgjafa í ráðgjöf og aðstoð við gerð umsókna í sjóðinn og einnig áframhaldandi aðstoð við verkefni að lokinni styrkveitingu.

### **Laus störf**

SSNV hefur frá árinu 2019 auglýst laus störf á svæðinu í gegnum heimasíðu samtakanna. Þá geta sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir sent upplýsingar um störf í boði á starfsmenn SSNV. Starfsmenn SSNV vakta einnig aðrar starfasíður og heimasíður sveitarfélaga og koma þannig upplýsingum um laus störf inn á heimasíðu samtakanna. Auglýsingar um óstaðbundin störf hafa aukist að einhverju leyti og SSNV reynir að tryggja að þær rati allar á starfasíðu samtakanna.

### **Útibúið**

Útibúið, skrifstofusetur SSNV, býður upp á 9 skrifstofurými til útleigu með möguleika á opnu eða lokuðu rými og öll vinnuaðstaða er til fyrirmyndar. Skrifstofusetur stuðla að því að hægt verði að taka við störfum án staðsetningar, bjóða upp á aðstöðu fyrir þá sem vilja flytja störf sín með sér út á land og alla þá sem þurfa á vinnuaðstöðu að halda. Leigufélagið Bríet hefur verið með tvö rými á leigu fyrir starfskrafta á árinu. Eimur er með starfstöð fyrir einn starfsmann í útibúinu og ein skrifstofa hefur verið í útleigu til einstaklings í eigin rekstri.

### **Fyrirtækjakönnun**

SSNV er þátttakandi í fyrirtækjakönnun landshlutanna sem Vífill Karlsson hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi hefur unnið um nokkurra ára skeið. Í henni er leitað eftir viðhorfi fyrirtækja á landsbyggðinni til núverandi stöðu ýmissa málaflokka og framtíðarhorfa. Er það liður í því að bæta þekkingu opinberra aðila og almennings á rekstrarskilyrðum á landsbyggðinni. Niðurstöður könnunarinnar geta nýst til að meta betur rekstrarkosti á landsbyggðinni og veitt kjörnum fulltrúum mikilvægar upplýsingar um framtíðarhorfur á sínu svæði.

## Íbúakönnun

Íbúakönnun landshlutanna er samstarfsverkefni landshlutasamtaka á landsbyggðinni og Byggðastofnunar og hefur verið í gangi síðan árið 2004. Hún hefur síðan þá verið framkvæmd á þriggja ára fresti og er ætlunin að halda því áfram til þess að afla gagna um stöðu byggðanna á landinu öllu í þeirri viðleitni að bæta lífs- og búsetuskilyrði héraendis. [Hér](#) má nálgast niðurstöður könnunarinnar.

## Afmælishátíð Beint frá býli

Beint frá býli dagurinn var haldinn á sjö stöðum á landinu á árinu. Fyrir viðburðunum stóðu Beint frá býli, Landshlutasamtökin og Samtök smáframleiðanda matvæla. Á Norðurlandi vestra var hátíðin haldin á Starrastöðum í Skagafirði.

Hátíðin gekk mjög vel, gestir gátu fengið afmælistöku og kaffi í boði Beint frá býli og kynnt sér hvað framleiðendur á Norðurlandi vestra hafa upp á að bjóða.



# Samstarf á vettvangi ferðapjónustunnar

Samstarfsvettvangur ferðapjónustunnar á Norðurlandi vestra og SSNV, sem settur var á laggirnar árið 2014, hélt áfram með starfi sínu sem "Fagráð ferðapjónustunnar". SSNV leggur til atvinnuráðgjafa með áherslu á ferðamál og starfar hann með Fagráði ferðapjónustunnar sem í sitja fulltrúar ferðamálafélaganna í Húnaþingi vestra, Austur-Húnavatnssýslu og Skagafirði.

## **Fagráð ferðapjónustunnar 2025:**

Anna Birna Þorsteinsdóttir, f.h. Ferðamálafélags V-Húnavatnssýslu

Tómas Árdal, f.h. Félags ferðapjónustunnar í Skagafirði

Guðjón Ebbs Guðjónsson f.h. Ferðamálafélags Austur-Húnavatnssýslu

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, f.h. SSNV

## **Ráðgjafi á sviði ferðamála**

Ráðgjafi á sviði ferðamála hjá SSNV, sem starfar með fagráðinu, er Davíð Jóhannsson. Ráðgjafinn kemur einnig að einstökum samstarfsverkefnum sem spröttin eru á öðrum vettvangi, auk þess sem hann er tengiliður á milli sveitarstjórna, stjórnssýslunnar og greinarinnar sjálfrar.

## **Samstarfið**

Upplegg þessa samstarfs er að:

- a) skapa virkari og öflugri samstarfsvettvang í ferðapjónustu á Norðurlandi vestra,
- b) skjóta sterkari stoðum undir afkomu og rekstur ferðapjónustufyrirtækja á Norðurlandi vestra,
- c) greina og kortleggja ímynd, vöruframboð og stöðu greinarinnar í landshlutanum í því skyni að leggja grunn að áframhaldandi uppbyggingu og vexti ferðapjónustu á Norðurlandi vestra,
- d) styðja við vöruþróun og markaðs- og kynningarstarf ferðapjónustufyrirtækja í því skyni að það verði faglegra og árangursríkara.

### Fundir

Fagráðið fundaði fagráðið tvisvar sinnum á árinu og tók auk þess þátt í að tilnefna fulltrúa samráðshóps áhersluverkefnis, sem SSNV er að vinna að með Markaðsstofu Norðurlands.

### Markaðsstofa Norðurlands - Áfangastaðastofa

Sem fyrr eru sveitarfélögin á starfssvæðinu aðilar að Markaðsstofu Norðurlands í gegnum SSNV og hefur stjórn samtakanna að jafnaði einn fulltrúa í stjórn MN. Því hlutverki sinni Sveinbjörg Rut Pétursdóttir. Talsverð samskipti eru að jafnaði við Markaðsstofuna, t.d. í formi funda og ýmiss konar upplýsingamiðlunar og er þeim að stórum hluta sinnt af ráðgjafa á sviði ferðamála. Um tuttugu ferðapjónustuaðilar af svæðinu kynntu þjónustu sína á Mannamótum landshlutanna seinni part janúar. Þessi vettvangur milli ferðapjónustuaðila á landsbyggðinni og söluaðila á höfuðborgarsvæðinu, sem Markaðsstofur landshlutanna standa að, hefur fest sig vel í sessi. Á árinu 2025 var Mannamót í annað sinn hluti af Ferðapjónustuvikunni, þar sem nokkrum viðburðum tengt greininni hefur verið stillt upp í sömu vikunni, til að auðvelda ferðapjónustuaðilum á landsbyggðinni sækja þá í tengslum við Mannamót.

### Þróunarverkefni með MN

Á árinu var hafist handa við samstarfsverkefni með Markaðsstofunni, þar sem hugmyndir þeirra um ferðamannaleið og niðurstöður stefnumótunar SSNV fyrir ferðapjónustu á Norðurlandi vestra voru lagðar saman í púkk. Verkefnið tekur utan um þær yfirlýstu áherslur, sem fram koma í stefnumótunarplagginu og mun ramma inn ákveðna vegferð sem endurspeglar þær í vöruþróun og markaðssetningu fyrir svæðið. Sameiginlegt teymi frá MN og SSNV heldur utan um þessa vinnu, en þeim til fulltingis er samráðshópur, sem í sitja fulltrúar tilnefndir af ferðamálafélögunum, Íslandsstofu og Háskólanum á Hólum. Ráðgert er að verkefninu ljúki á seinni hluta árs 2026.



## Auknar fjárfestingar á Norðurlandi vestra

Á árinu var áfram unnið að því að fjölga fjárfestingaverkefnum í landshlutanum. Verkefnið er áhersluverkefni og hefur verið í gangi í fimm ár að þessu ári meðtöldu. Það er óhætt að fullyrða að snert hefur verið á fjölmörgum tækifærum á líftíma verkefnisins og gríðarleg þekking skapast varðandi nálgun og aðferðafræði við verkefni sem þetta. Það er langhlaup að skapa ný verkefni og draga ný fyrirtæki inn á svæðið. Eitt er þó víst að vinna sem þessi er nauðsynleg til að auka fjölbreytileika í atvinnulífi á svæðinu.

Þegar horft er yfir verkefni undanfarinna ára sem starfsmenn SSNV hafa komið að þá er listinn langur og ekki unnt að fara yfir þau öll hér. En sem dæmi má nefna verkefni á borð við hótéluppbyggingu, baðlón, fiskeldi, þörungarrækt, hampvinnslu, kornþurrkun, vinnslu tengda blóðmerum, vatnsátöppun, uppsetningu á grænum iðngörðum, þaravinnslu, vetnisframleiðslu, vinnslu á sæeyrum o.fl. Framangreind verkefni hafa því miður ekki náð fram að ganga af ýmsum ástæðum. Helst er að nefna skort á raforku og framboði af heitu vatni á svæðinu.

Fjölmargir aðilar hafa kynnt sér aðstæður á Norðurlandi vestra og litið á svæðið sem ákjósanlegan stað til uppbyggingar en innviðir hafa verið takmarkandi þáttur í mörgum tilfellum. Það hefur gert það að verkum að skoða þurfti verkefni sem ekki krefjast þeirra innviða sem að framan eru nefndir.

Þá fóru fulltrúar SSNV á fjárfestaráðstefnuna MIPIM í Cannes á vegum Íslandsstofu ásamt fulltrúum annarra landshlutasamtaka. Sérstök áhersla var lögð á að finna aðila í ferðaþjónustu og kynna svæðið fyrir hótéluppbyggingu. Í framhaldi af ráðstefnunni voru fjölmargir fundir teknir með aðilum sem sýndu Íslandi áhuga.


### **Skógarplöntuframleiðsla í Húnaþingi vestra:**

Mikil og góð vinna var unnin á árinu í samvinnu við þróunarfélagið Skógarplöntur ehf. Þar eru eigendur KVH og Hafberg Þórisson, eigandi Lambhaga gróðurstöðvar.

Verkefnið gengur út á að reisa nýja gróðurstöð á Laugarbakka í Húnaþingi vestra sem verður sú fullkomnasta sinnar tegundar á landinu. Það er mat þeirra sem að verkefninu standa að umframeftirspurn verði á skógar-plöntum á komandi árum og er gróðurstöðinni ætlað að svara þeirri eftirspurn.

Verkefnið er á þeim stað að unnið er að fjármögnun og hafa fjölmargir fundir verið teknir með lánveitendum og fjárfestum. Fyrir liggur kostnaðar- og rekstraráætlun og ljóst að verkefnið hentar sérstaklega vel á Norðurlandi vestra.

Vonir standa til að verkefnið nái fram að ganga á komandi mánuðum og skapi ný störf á svæðinu.



### **Framleiðsla á fullbúnum húsum:**

Verktakafyrirtækið Verk Lausn ehf. á Skagaströnd leitaði aðstoðar hjá SSNV með hugmynd um að byggja fullbúin íbúðarhús innandyrna og svara þannig eftirspurn eftir hagkvæmu húsnæði fyrir landsbyggðina. Starfsmenn SSNV hafa unnið náið með félaginu og komið að flestum þáttum verkefnisins; hönnun, kostnaðargreiningu, mati á heppilegu húsnæði fyrir framleiðsluna og greiningu á markaðnum. Verkefnið hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði SSNV í lok árs sem mun nýtast til markaðssetningar á húsunum o.fl. Gert er ráð fyrir að framleiðsla hefjist um mitt ár 2025. Það er gleðilegt að sjá nýja starfsemi hefjast á Skagaströnd, starfsemi sem mun skapa fjölda starfa á svæðinu.

### **Hólar – áfangastaður:**

SSNV tók virkan þátt í vinnu tengdri uppbyggingu á Hólum í Hjaltadal í Skagafirði í samvinnu við hagaðila á svæðinu. Sótt var um styrk í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða fyrir landsbyggðina sem skilaði fjármagni í verkefnið. Arna Björg Bjarnadóttir var ráðin sem verkefnastjóri og leiddi hún verkefnið í samvinnu við SSNV, Háskólann á Hólum, Kirkjuna, Minjastofnun, Skagafjörð o.fl. aðila sem hagsmuni eiga á svæðinu.

Afurðin var skýrsla með samantekt á stöðunni á Hólum, helstu áherslur og framtíðarsýn. Forgangsmál í þeirri vinnu var að skýra eignarhald á staðnum og tryggja uppbyggingu og viðhald á þeim sögufrægu innviðum sem þar er að finna. Forsætisráðherra tók við skýrslunni og skipaði í framhaldi þverpólítíska nefnd sem vann málið áfram. Þeirri vinnu er enn ólokið og standa vonir til að vinnan skili markvissri uppbyggingu á Hólum sem geri staðinn eftirsóknarverðan fyrir íbúa og ferðamenn.





### **Þekkingargarðar í Skagafirði:**

Á árinu hlaust styrkur úr Lóu nýsköpunarsjóði fyrir landsbyggðina til að greina tækifæri við að koma á fót háskóla- og þekkingargörðum á Sauðárkóki. Einstakt tækifæri skapast við sameiningu Háskólans á Hólum og Háskóla Íslands og fyrirhugaða uppbyggingu Háskólasamstæðunnar á Sauðárkróki. Í því samhengi stendur til að byggja nýtt lagareldishús sem verður einstakt á landsvísu og tryggir framúrskarandi aðstöðu til kennslu og rannsókna í lagareldi. Þá stendur jafnframt til að reisa nýtt kennsluhúsnæði á Sauðárkróki við Háskólasamstæðuna.

Samhliða uppbyggingu Háskólans er horft til þess að skapa umhverfi þar sem atvinnulífið og skólasamfélagið vinna saman að aukinni nýsköpun með sérstaka áherslu á matvælaframleiðslu.

SSNV hefur verið leiðandi í verkefninu ásamt Háskólanum á Hólum og Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Styrkurinn var nýttur til að heimsækja vísindagarða í Svíþjóð þar sem mikill og góður árangur hefur náðst við að efla samfélagið með samvinnu skóla og atvinnulífs. Þá var samið við arkitektana hjá Gagn og Norrön sem hönnuðu tillögur að görðunum.

Næstu misseri fara í að tryggja görðunum lóð og fjármagn til uppbyggingar.

## Nýsköpun

Frumkvöðlastarf skiptir okkur miklu máli og með því að styðja við og efla sprotafyrirtæki höfum við byggt á sérstöðu svæðisins. Þessi vinna hefur meðal annars leitt til aukinnar matvælaþróunar og fullvinnslu afurða. Við leggjum áherslu á fræðslu fyrir frumkvöðla og veitum stuðning, t.d. við umsóknir um styrki.

SSNV er hluti af öflugum stuðningsumhverfi landshlutasamtakanna sem og öflugum nýsköpunarafli á Norðurlandi sem vinnur að auknum fjárfestingum og skapandi umhverfi fyrir frumkvöðla og fyrirtæki. Á árinu var sérstök áhersla lögð á samstarf þvert á Norðurland og síðan fyrir allt landið í heild.

Meðal verkefna þvert á Norðurland var hugmyndakeppnin Norðansprotinn sem er unnið í samstarfi við SSNE, Háskólann á Hólum, HA og Hraðið á Húsavík, sjö vikna viðskiptahraðall sem er sameiginlegt verkefni allra landshlutasamtaka utan höfuðborgarsvæðisins, hraðallinn fékk nafnið Startup Landið og voru tvö verkefni frá öllum landshlutum sem hófum hraðalinn. Af Norðurlandi vestra kom eitt verkefni frá Skagafirði og annað frá Skagaströnd. Þau voru flottir fulltrúar nýsköpunarumhverfis Norðurlands vestra.

Þegar árið var að líða var hafist handa við að skipuleggja málþing tengt fjárfestingum í nýsköpunarumhverfinu, SSNV og SSNE fengu styrk úr nýsköpunarsjóðnum Örvari til að halda það málþing og er það áætlað í febrúar 2026.



## Umhverfismál

Í nýrri Sóknaráætlun Norðurlands vestra eru umhverfismál einn af fjórum lykilmálaflokkum undir yfirskriftinni Sjálfbær landshluti. Þar er lögð áhersla á samdrátt í losun, minni úrgang og innleiðingu hringrásarhagkerfis, með aðgerðum sem draga úr ósjálfbærri neyslu og sóun og stuðla að ábyrgri umgengni við umhverfi og náttúruauðlindir.

Helstu verkefni ársins á sviði umhverfismála sneru að fræðslu, vitundarvakningu og miðlun upplýsinga. Á miðlum SSNV birtust fjölbreyttar greinar tengdar málefnum. Jafnframt var fræðsluefni frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og öðrum opinberum aðilum miðlað reglulega til starfsfólks sveitarfélaga, og í sumum tilvikum einnig á miðlum SSNV, til að efla þekkingu á umhverfismálum. Þar má meðal annars nefna ábendingar um fræðsluefni og hlaðvörp á borð við Ráðhúsið.

SSNV stóð einnig fyrir fræðsluröð fyrir félög eldri borgara í landshlutanum þar sem fulltrúar úr ALDINI, eldri aðgerðasinum gegn loftslagsvá, fjölluðu um loftslagsmál. Þá héldu SSNV, SSNE og Norræna Svansmerkið sameiginlegan morgunfund um umhverfismál, ásamt stuttri vinnustofu fyrir þátttakendur. Viðburðurinn var haldinn á Akureyri og gekk vel.

Í tengslum við Evrópuverkefnið Target Circular var unnið að því að styðja frumkvöðla í anda hringrásarhagkerfisins. Heimsótt voru fjögur trésmíðaverkstæði í landshlutanum til að skoða hvernig staðið er að flokkun, endurnýtingu og endurvinnslu, og verkfærasafn sem ætlað er að styðja við innleiðingu hringrásarhagkerfis tekið saman og birt á heimasíðu Centria, sem er einn samstarfsaðilanna í verkefninu.

Vinna við aðgerðaáætlun vegna samþykktrar loftslagsáætlunar gekk hægar en stefnt var að, en á árinu hófst skoðun á tæknilausnum sem geta stutt sveitarfélög við að halda utan um losunarbókhald sitt. Sú vinna er enn í gangi.

Áhersla var lögð á að miðla upplýsingum um styrkjamöguleika tengda umhverfismálum, meðal annars á sviði garðyrkju, lífrænnar framleiðslu, orkusparnaðar, tækjakaupa og ýmissa annarra þátta sem snúa að landbúnaði. Einnig var unnið markvisst að því að tengja starfsfólk sveitarfélaga betur saman, bæði innan landshlutans og á landsvísu. Á því sviði má nefna að starfsfólk SSNV átti gott samstarf við önnur landshlutasamtök, ekki síst SSNE sem og Byggðastofnun og Sambandið.

### **Svæðisáætlun úrgangs á Norðurlandi**

Metnaðarfull svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs var samþykkt af öllum sveitarfélögum árið 2023. Mikil vinna hefur þegar verið unnin hjá sveitarfélögunum, bæði við að framfylgja svæðisáætluninni og við að mæta kröfum nýrra laga. Aðgerðirnar snúa mismunandi að sveitarfélögunum en hjá þeim öllum er einhver vinna í gangi tengd úrgangsmálum.

Þrjú sveitarfélaganna hafa verið að skoða útboðsmál tengd málaflokknum. Ekkert sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra hefur lokið vinnu við allar aðgerðir. Áætlað er að í byrjun árs 2026 verði áætlunin endurskoðuð af hálfu SSNV og SSNE, bæði til að brýna aðgerðir og ábyrgðaraðila sem og að uppfæra og setja í nýtt form.



## Menningarmál

Verkefnastjóri á sviði menningarmála hjá SSNV átti á árinu gott samstarf við fulltrúa annarra landshlutasamtaka, er um uppbyggilegt og fræðandi samstarf að ræða. Eitt stærsta verkefni ársins var líklega flutningur umsóknarkerfis Uppbyggingarsjóðsins til Rannís og samræming opnunartíma sjóðanna á landsvísu. Þessum flutningi fylgdi jafnframt endurskoðun samþykktu og úthlutunarreglna Uppbyggingarsjóðs til að færa reglur þessa sjóðs nær því sem gengur og gerist annars staðar, þó svo hver sjóður haldi enn sínum sérkennum. Fulltrúar landshlutasamtakanna söfnuðu upplýsingum um menningarhúsnæði í hverjum landshluta og miðluðu til ráðherra menningar, nýsköpunar og háskóla. Var þessi vinna hluti af B9 verkefni Byggðaaætlunar. Þá gerði hópurinn samantekt á menningarlegum styrkleikum hvers landshluta og deildi með sama ráðherra.

Eitt áhersluverkefna ársins var verkefnið Samstarf safna. Fundað var með fulltrúum safna, setra og sýninga í landshlutanum með það fyrir augum að auka og efla samstarf þeim til hagsbóta.

Fulltrúar sveitarfélaga í landshlutanum hafa fundað reglulega á árinu með aukið samstarf í huga. Einn afrakstur þeirra funda er að endurvekja sameiginlegu barnamenningarhátíðina Skúnaskrall og halda veglega barnamenningarhátíð haustið 2026.

Með auknu sameiginlegu kynningarstarfi verkefnastjóra landshlutasamtakanna hefur þekking á samtökunum aukist meðal ýmissa menningarstofnana sem starfa á landsvísu. Á árinu hafa t.d. Rannsóknarsetur skapandi greina, Tónlistarmiðstöð og List fyrir alla verið dugleg að nýta sér þá þjónustu sem starfsfólk samtakanna getur veitt, en markmiðið er að efla enn frekar tengslanet við menningarstofnanir og auka þannig líkur á samstarfi á sviði menningar og skapandi greina í landsbyggðunum.



## Erlend samstarfsverkefni

SSNV hefur á síðustu misserum í auknum mæli tengst fjölpjóða samstarfsverkefnum og voru nokkur slík í gangi á árinu. Flest af þessum verkefnum eru fjármöggnuð að hluta til í gegnum Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (Interreg NPA).

### **Target Circular - Supporting Sustainable SMEs to Success**

Target Circular er samstarfsverkefni írskra, norskra, finnskra og íslenskra aðila sem byggir á nýlegum rannsóknum á því hvernig fyrirtæki geta notað vísindalega nálgun við ákvarðanatöku. Samstarfsaðilar verkefnisins, sem er styrkt af Norðurslóðaáætlun, hafa verið að vinna með litlum og meðalstórum fyrirtækjum að umbreytingu í átt að hringrásarhagkerfi og sjálfbærum starfsháttum með því að hjálpa fyrirtækjum að nota „stefnukortlagningar“ ferli til að taka ákvarðanir um hvernig eigi að innleiða sjálfbærniaðgerðir á áhrifaríkan hátt.

Árið 2025 voru haldnar vinnustofur fyrir atvinnuráðgjafa yfir allt landið á vegum verkefnisins.

### **GLOW - Green energy technologies for tourism growth**

GLOW 2.0 er samstarfsverkefni finnskra, írskra, norskra, sænskra og íslenskra aðila sem snýst um hvernig megi útvíkka rekstur í litlum og meðalstórum ferðaþjónustufyrirtækjum með nýtingu myrkurs og myrkurgæða í starfsemi sinni, en stór hluti heimsbyggðarinnar býr orðið við verulega skerta möguleika að njóta þessa söku ljósmengunar. Áfram var unnið með ferðaþjónustuaðilum á svæðinu að skoða hvernig megi tileinka sér þessa tegund af ferðaþjónustu, og m.a. kynntu fulltrúar þriggja fyrirtækja sér í slíka starfsemi í fjögurra daga kynnisferð til Finnlands í marsmánuði.





## **SUB**

SUB hélt áfram á árinu, en þar er fengist við möguleika í sjálfbærri hjólaferðapjónustu á Norðurslóðum ásamt aðilum frá Finnlandi, Færeyjum, Írlandi og Svíþjóð. Hópurinn hittist tvisvar á árinu í apríl á Írlandi og í september tókum við á mótum okkar samstarfsfélögum hér á svæðinu, þar sem var fundað og farið í vettvangsferðir. Í janúar og júní fóru samtals fimm aðilar í kynnisferð til Finnlands og Svíþjóðar og kynntu sér m.a. hjólaferðamennsku að vetri og uppbyggingu hjólabrautasvæða. Um mitt ár voru auglýstir fimm styrkir að upphæð 5.000,- EUR hver til hjólatengdra verkefna og eru þrír þeirra að raungerast í verkefnum..

## Byggðagleraugin

Stjórn SSNV veitir ár hvert viðurkenninguna Byggðagleraugin til ráðuneytis eða stofnunar sem þykir hafa skarað fram úr í fjölgun starfa/verkefna í landshlutanum eða með öðrum hætti stuðlað að uppbyggingu hans. Er viðurkenningunni ætlað að hvetja forsvarsmenn stofnana og fyrirtækja til að horfa með „byggðaglerauginum“ á verkefni sinna eininga og nýta þau tækifæri sem gefast til flutnings starfa/verkefna á landsbyggðina í samræmi við áherslur byggðaáætlunar.

Aðilar sem til greina koma skulu;

- vera með starfsstöð í landshlutanum,
- hafa sýnt í verki vilja til að efla starfsstöðvar sínar í landshlutanum,
- eða með öðrum hætti stuðlað að fjölgun starfa í landshlutanum.

Stjórn SSNV velur þann aðila sem viðurkenninguna hlýtur ár hvert og er viðurkenningin afhent á ársþingi samtakanna.

Viðurkenningin var veitt í fyrsta skiptið árið 2021.

**Byggðagleraugin 2025** hlaut Sýslumannsembættið á Norðurlandi vestra og Lögreglan á Norðurlandi vestra. Sýslumannsembættið á Norðurlandi vestra hlaut viðurkenninguna meðal annars fyrir framsækið starf í þágu ríkisþjónustu á landsbyggðinni og fyrir að vera skýrt dæmi um að ríkisstörf geti þrífist og vaxið utan höfuðborgarsvæðisins. Lögreglan á Norðurlandi vestra hlaut viðurkenninguna fyrir markvissa og metnaðarfulla nálgun við mótun og framkvæmd löggæslu í þágu byggðajafnréttis og samfélagslegrar velferðar á svæðinu.



*Björn Hrafnkelsso fulltrúi Sýslumanns, Ásdís Ýr Arnardóttir og Pétur Björnsson fulltrúar Lögreglunnar á Norðurlandi vestra.*

# Framúrskarandi verkefni

Árlega er kallað eftir tilnefningum íbúa svæðisins að framúrskarandi verkefnum sem farið hafa fram á Norðurlandi vestra árið áður. Viðurkenningar fyrir framúrskarandi verkefni eru veittar í tveimur flokkum, annars vegar á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar og hins vegar á sviði menningar.

Á fundi stjórnar var tekin ákvörðun, byggð á tilnefningu íbúa, um hvaða verkefni fengju viðurkenningu árið 2025:

## Verk Lausn - á sviði atvinnu og nýsköpunar

Verk Lausn ehf. með Einingahús Norðurlands hlýtur viðurkenningu fyrir uppbyggingu framleiðslu á nútímalegum einingahúsum á Skagaströnd.

Markmið verkefnisins var að skapa ný störf með því að nýta húsnæði fyrrum rækjuvinnslu til framleiðslu á nútímalegum, fullbúnum húsum innandyrna. Sérstök áhersla var lögð á að mæta vaxandi eftirspurn eftir hagkvæmu og aðgengilegu húsnæði á landsbyggðinni.

Með verkefninu var stuðlað að verðmætasköpun, aukinni atvinnu og betri nýtingu á innviðum á svæðinu, auk þess sem það svaraði brýnni þörf fyrir fjölbreyttara húsnæðisframboð.



## Norðanpaunk 2025 - á sviði menningarmála

Norðanpaunk 2025 hlýtur viðurkenningu fyrir framlag sitt til tónlistar- og menningarlífs á Norðurlandi vestra.

Markmið verkefnisins var að skapa vettvang fyrir hljómsveitir sem falla utan hins hefðbundna tónlistarumhverfis og gefa þeim tækifæri til að koma fram og þróa sitt listform. Norðanpaunk var skipulagt sem ættarmót paunkara á Íslandi þar sem áhersla var lögð á fjölbreytileika, sköpun og frjálsa tjáningu í tónlist.

Sérstök áhersla var lögð á að styðja við ungar og óhefðbundnar íslenskar hljómsveitir með því að skapa þeim aðstæður til að koma fram samhliða erlendum gestum. Með verkefninu var stuðlað að eflingu menningar á svæðinu, auknum sýnileika jaðartónlistar og styrkingu tengsla milli innlendra og erlendra tónlistarsamfélaga.



# Ungt fólk á Norðurlandi vestra – Ungmennaping SSNV 2025

Þriðjudaginn 7. október stóð SSNV fyrir ungmennapingi í Félagsheimilinu á Blönduósi fyrir ungmenni á aldrinum 13–18 ára á Norðurlandi vestra.

Yfirskrift þingsins var: Ungt fólk mótar Norðurland vestra. Að þessu sinni var markmið þingsins að skapa rými fyrir raddir og upplifun ungmenna í landshlutanum og heyra þeirra skoðun á því hvað myndi gera Norðurland vestra enn betra. Ungmennunum var þannig gefið tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri til hagaðila á svæðinu.

Þingið var mjög vel heppnað, yfir 40 ungmenni mættu á Blönduós uppfull af hugmyndum um hvernig hægt er að gera Norðurland vestra að enn betri valkosti til að setjast að á. Lára Kristín Skúladóttir og Guðrún Gyða Franklín leiddu vinnustofuna af sinni alkunnu snilld þar sem farnar voru bæði hefðbundnar og óhefðbundnar leiðir til að ná fram því besta frá þátttakendum.

Inga Rún Björnsdóttir kom með fræðslu og góð ráð um betri svefn og svefnvenjur. Í lok þingsins kynntu ungmennin vinnu sína og margt af því sem þar kom fram hefur ratað til sveitarstjórna og/eða félagsmiðstöðva. Þannig tóku þau virkan þátt í samfélaginu og mótun á því hvernig þau vilja sjá Norðurland vestra verða betra og ákjósanlegra. Að endingu kom Emmsjé Gauti og sló botninn í frábært þing.

Ungmennapingin eru mikilvæg til að efla tengsl ungmenna í sveitarfélögunum í landshlutanum og gefa þátttakendum færi á að kynnast í gegnum samvinnu og skemmtilega samveru. Því hefur verið ákveðið að halda áfram að leggja áherslu á vinnu með ungu fólk í landshlutanum, svæðinu öllu til hagsbóta.



## Farsæld barna

Verkefnastjóri farsældarráðs Norðurlands vestra hóf störf 3. febrúar 2025 og er starfið hýst hjá Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV). Starfið varð til í kjölfar viðaukasamnings við sóknaráætlanir og Mennta- og barnamálaráðuneytið, með það að markmiði að styðja við uppbyggingu farsældarráða um land allt í nánú samstarfi við sveitarfélög og aðra hagaðila sem koma að þjónustu við börn og fjölskyldur.

Farsældarráð Norðurlands vestra var stofnað 27. nóvember 2025 með þátttöku allra sveitarfélaga svæðisins og fjölbreyttra þjónustuaðila, stofnana og samfélagsaðila. Undirbúningur fól í sér víðtækt samráð og kynningar, sem lagði grunn að sameiginlegri sýn og auknu samstarfi.

Á fyrsta starfsári hefur áhersla verið á tengslamyndun og uppbyggingu trausts. Samstarf og samtal milli sveitarfélaga og kerfa hefur aukist og sameiginleg meðvitund um mikilvægi þess að vinna þvert á kerfi að farsæld barna og fjölskyldna hefur styrkst. Unnið hefur verið að kortlagningu á stöðu barna og fjölskyldna með sértækum gögnum, sem styður markvissa ákvarðanatöku fyrir landshlutann. Einnig hefur verkefnastjóri farsældarráðs sótt ráðstefnur, málþing, fræðslu og fundi sem eru til þess fallnir að auka þekkingu og byggja upp tengsl.

Mikið samráð hefur verið bæði meðal allra verkefnastjóra farsældarráða landshlutanna sem og við BOFS, Menntamálaráðuneytið og Sambandið.

Farsældarráðið hefur hafið störf og var fyrsti fundur farsældarráðs haldinn í febrúar 2026 á Skagaströnd. Eftir hann hófst vinna við gerð fjögurra ára aðgerðaráætlunar fyrir Norðurland vestra í samstarfi við virkan framkvæmdarhóp.

Framtíðarsýn ráðsins er að efla velferð og lífsgæði barna og fjölskyldna með samstilltu samstarfi. Með því að styrkja snemmtækan stuðning, bæta aðgengi að þjónustu og efla samstarf er lagður grunnur að samfélagi þar sem fólk vill búa, ala upp börn og dafna. Farsæld barna er þannig lykill að sjálfbærri byggðapróun og sterkri framtíð Norðurlands vestra.

# Að koma Norðurlandi vestra og SSNV á kortið

Eins og fyrri ár var lögð áhersla á að auka sýnileika landshlutans og miðla upplýsingum úr starfi samtakanna. Heimasíða og samfélagsmiðlar hafa verið nýttir til þess og svæðismiðlarnir hafa verið ötulir í að koma upplýsingum á framfæri. Í auknum mæli hafa fréttir af starfi samtakanna ratað í landsmiðlana og þannig vakið athygli á landshlutanum í heild. Fjölmiðlar leita gjarnan til samtakanna þegar þá vantar viðmælendur um hin ýmsu mál og hefur þá verið bent á aðila sem málið varðar.

## Heimasíða og samfélagsmiðlar

Heimasíða samtakanna er jafnframt mikilvægur liður í miðlun upplýsinga innan svæðis sem utan. Á árinu 2025 voru samtals birtar 242 fréttir á heimasíðu samtakanna, samanborið við 185 fréttir árið áður. Þeim var jafnframt deilt á samfélagsmiðlum, aðallega á Facebook en einnig á Instagram. Einhverjar fréttir eru aðeins birtar á samfélagsmiðlum og jafnframt hafa Instagram- og Facebook sögur verið notaðar fyrir miðlun upplýsinga af daglegu starfi samtakanna.

Fylgjendum á Facebook fjölgaði úr 2.127 í upphafi árs 2025 í 2.292 í lok árs. Fylgjendur á Instagram voru í lok árs 2025 um 605.



## Ráðstefnur og viðburðir

### Forvitnir Frumkvöðlar - Stofnun og rekstur smáfyrirtækja // ólík rekstrarform

SSNV, Austurbrú, SASS, SSNE, SSS, SSV og Vestfjarðarstofa stóðu sameiginlega að mánaðarlegum fræðsluerindum sem haldin voru fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði. Boðið var upp á fjölbreytta fræðslu fyrir frumkvöðla og aðra sem höfðu áhuga á nýsköpunarsenunni, og voru fræðsluhádeginn öllum opin og að kostnaðarlausu. Erindin fóru fram á Teams.

Á árinu var meðal annars fjallað um frumkvöðlaferlið, umsóknarskrif, gervigreind og styrkumsóknir, skapandi hugsun, viðskiptaáætlun á mannamáli og stofnun og rekstur smáfyrirtækja, þar með talin ólík rekstrarform.

### Leiðir til Byggðafestu - viðburðir

SSNV, SSV og Fjórðungssamband Vestfirðinga unnu saman að verkefninu Leiðir til byggðafestu. Í gegnum verkefnið var íbúum á svæðinu boðið upp á námskeið m.a. í Ferskostagerð, hvernig á að grafa kjöt, markaðssetningu, rekstur lítilla fyrirtækja, sögufylgjunámskeið og leiðtogafærni. Verkefnið sneri að eflingu nýsköpunar á þessum sauðfjárræktarsvæðum á Íslandi. Styrkur fékkst frá Innviðaráðuneytinu til að efla byggð á þessum svæðum sem mest eiga undir í sauðfjárrækt.

### Rafrænn kynningarfundur - Tækniþróunarsjóður

Haldinn var sameiginlegur kynningarfundur á vegum SSVN, SSNE og Austurbrúar þar sem fjallað var um styrkjamöguleika á sviði rannsókna og nýsköpunar. Sérfræðingar frá rannsókna- og nýsköpunarsviði Rannís voru til viðtals og kynntu meðal annars Netöryggisstyrk Eyvarar og styrkjamöguleika Tækniþróunarsjóðs.

### Myrkurferðapjónusta á lágönn

Haldinn var kynningarfundur þar sem sjónum var beint að vaxtarmöguleikum ferðapjónustu utan háannar. Þar var fjallað um hvernig nýta megi sérstöðu svæða, einkum tengda myrkri, til að laða að ferðamenn yfir vetrartímann. Sérfræðingar frá verkefninu „Light in the Dark“ og GLOW 2.0 á Írlandi miðluðu reynslu og þekkingu sinni, meðal annars um aukin tækifæri í ferðapjónustu á lágönn, nýtingu myrkurs til að efla upplifun ferðamanna og dæmi um vel heppnuð verkefni á sviði myrkurtengdrar ferðapjónustu.

### **Myrkrið og möguleikarnir**

SSNV stóð fyrir viðburðinum Myrkrið og möguleikarnir þar sem kannaðir voru möguleikar sem felast í nýtingu myrkurs í ferðaþjónustu. Viðburðurinn var hluti af Evrópuverkefninu GLOW 2.0 og var ætlaður þeim sem vildu þróa ferðaþjónustu sem byggir á myrkurgæðum á sjálfbæran og skapandi hátt.

Boðið var upp á fræðslu fyrir aðila sem höfðu áhuga á að þróa myrktengda ferðaþjónustu, auk þess sem fram fór gestafyrirlestur frá Olli Reijonen frá Syrjävaara Good Night í Finnlandi, sem hefur byggt upp slíka starfsemi í Kareliuhéraði í Austur-Finnlandi. Einnig voru umræður um mikilvægi myrkurgæða og hvernig þau geta skapað einstaka upplifun fyrir ferðamenn. Viðburðurinn skapaði jafnframt vettvang fyrir tengslamyndun og innblástur meðal þátttakenda.

### **Hjólaferðaþjónusta og hugmyndir**

SSNV stóð fyrir viðburði um hjólaferðaþjónustu þar sem sjónum var beint að tækifærum og þróun innan greinarinnar. Viðburðurinn var hluti af Evrópuverkefninu SUB og var ætlaður þeim sem vildu taka næstu skref í uppbyggingu hjólaferðatengdrar starfsemi, hvort sem var í þjónustu við hjólreiðafólk, þróun innviða eða nýsköpun í ferðaþjónustu.

Á fundinum var fjallað um tækifæri í hjólaferðaþjónustu og hvernig nýta mætti hjólreiðar til að skapa einstaka upplifun fyrir ferðamenn. Einnig gafst þátttakendum kostur á að tengjast öðrum í greininni og sækja sér innblástur. Þá flutti Mia Wiktor Lunde frá Jämtland Härjedalen Turism í Svíþjóð erindi þar sem hún kynnti uppbyggingu áfangastaðar sem hefur markvisst lagt áherslu á hjólaferðaþjónustu um árabíl.



### **TechBbq**

Fulltrúar SSNV sóttu nýsköpunarráðstefnuna TechBBQ 2025, sem fram fór í Kaupmannahöfn í september. TechBBQ er nýsköpunar- og tækniráðstefna þar sem saman koma frumkvöðlar, fjárfestar, stofnendur og aðrir hagsmunaaðilar úr heimi nýsköpunar og tækni.

Á ráðstefnunni var áhersla lögð á að efla tengslanet, deila þekkingu og skoða nýjustu strauma og stefnur í nýsköpun og tæknistjórnun. Fulltrúar SSNV nýttu tækifærið til að hitta fulltrúa annarra norrænna svæða og ræða möguleika á samstarfi, fjárfestingum og þróun nýrra verkefna.

### **Leitin að Norðansprotanum**

Norðansprotinn er nýsköpunarkeppni sem haldin var þar sem leitað var að áhugaverðustu nýsköpunarhugmyndum Norðurlands. Keppnin fór fram dagana 19.–23. maí og lauk með úrslitum sem haldin voru í Messanum hjá Drift EA. Upphaf fjárfestingasjóður lagði til verðlaunafé að upphæð 1.000.000 kr.

Norðansprotinn er hluti af nýsköpunarferðalagi Norðurlands, sem ætlað er að leiðbeina frumkvöðlum frá hugmyndastigi að fjárfestingu. Verkefnið er samstarf SSNE, SSNV, Háskólans á Akureyri, Háskólans á Hólum, Drift EA, EIMS og Hraðsins, með stuðningi Upphafs fjárfestingasjóðs.

Þátttaka var opin öllum og án endurgjalds, og gátu umsækjendur tekið þátt annað hvort sem einstaklingar eða í teyrum. Að lokinni skráningu fengu þátttakendur frekari upplýsingar, meðal annars um gerð einblöðungs þar sem hugmyndin var kynnt. Að því loknu fengu átta umsækjendur tækifæri til að kynna hugmyndir sínar fyrir dómnefnd og gestum á lokaviðburðinum.

### **Ungmennaping**

Ungmennaping SSNV fór fram með góðum árangri og var markmið þess eins og áður að gefa ungu fólki á Norðurlandi vestra tækifæri til að hafa áhrif á stefnumál landshlutans og koma sínum hugmyndum á framfæri.

Yfirskrift þingsins árið 2025 var „Ungt fólk mótar Norðurlandi vestra“. Að þessu sinni var markmið þingsins að skapa rými fyrir raddir og upplifun ungmenna í landshlutanum og heyra þeirra skoðun á því hvað myndi gera Norðurland vestra enn betra. Ungmennunum var þannig gefið tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri til hagaðila á svæðinu.

Ungmennin sýndu eins og áður mikinn áhuga og dugnað í vinnunni og voru góðir fulltrúar síns svæðis. Byggt var ofan á þá dýrmætu tengslamyndun sem hafin er á milli unga fólksins og SSNV, sem er mikilvæg fyrir áframhaldandi samráð og samvinnu. Viðburðurinn tókst afar vel og var mikil jákvæðni og framtíðarsýn í umræðunum

## **Startup Landið**

Startup Landið er nýsköpunarhraðall ætlaður frumkvöðlum á landsbyggðinni. Markmið verkefnisins var að kalla eftir hugmyndum sem styrkja samfélög, skapa störf og auka verðmætasköpun um land allt.

Startup Landið var skipulagt í samstarfi samtaka landshluta um allt land, með það að markmiði að skapa vettvang fyrir frumkvöðla og áhugafólk um nýsköpun sem vill láta til sín taka.

## **Vilt þú taka þátt í að móta samskiptstefnu Norðurlands vestra?**

SSNV stóð fyrir íbúafundum í öllum sveitarfélögum á Norðurlandi vestra þar sem íbúum gafst tækifæri til að hafa áhrif á mótun samskiptastefnu fyrir svæðið. Markmið fundanna var að finna sameiginlegar leiðir að jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum, auk þess að efla samstöðu og samkennd meðal íbúa svæðisins.

Íbúar komu saman og tóku þátt í umræðum um framtíðarsýn og samskipti á svæðinu. Fundirnir voru opnir öllum íbúum og lögðu grunn að frekari vinnu við þróun samskiptastefnu.

## **Að ver(ð)a áfangastaður í hjólaferðamennsku - Becoming a biking destination**

SUB-Norðurslóðaverkefnið, sem SSNV tók þátt í, hélt verkefnafund á Íslandi þar sem fjallað var um þróunarmöguleika hjólaferðamennsku á dreifbýlum svæðum Norðurslóða. Verkefnið var unnið í samstarfi við aðila frá Írlandi, Svíþjóð, Finnlandi og Færeyjum.

Sem hluti af verkefnafundinum var haldin vinnustofa með alþjóðlegum fyrirlesurum þar sem miðlað var þekkingu og reynslu á sviði hjólaferðamennsku. Þar var meðal annars fjallað um bestu starfsvenjur frá Bretlandi og hlutverk hjólreiða í hágæðaferðabjónustu, uppbyggingu Greenways-verkefnisins á Írlandi og áhrif hjólaviðburða á þróun svæða. Þá var kynnt frumútgáfa möguleikagreiningar fyrir hjólaferðamennsku á Norðurlandi vestra, þar sem lagðar voru fram fyrstu niðurstöður og tillögur að áframhaldandi uppbyggingu. Vinnustofan fór fram á ensku og skapaði vettvang fyrir miðlun þekkingar, umræðu og tengslamyndun milli innlendra og erlendra þátttakenda. Fundinum lauk með samantekt og lokaorðum þar sem helstu áherslur voru dregnar saman.

## Ég bý í sveit - Málþing um byggðafestu

Málþing var haldið 18. nóvember um leiðir til byggðafestu á sauðfjárræktarsvæðum Dalabyggðar, Reykhólasveitar, Stranda og Húnaþings vestra. Málþingið markaði lok verkefnis sem Fjórðungssamband Vestfirðinga, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) og SSNV unnu að á undanförunum misserum.

Á málþinginu var fjallað um byggðapróun og nýsköpun, með áherslu á tækifæri og áskoranir í dreifbýli. Flutt voru erindi um leiðir til byggðafestu og þróun byggðar, auk þess sem kynnt voru fjölbreytt nýsköpunarverkefni sem sýna möguleika til framtíðar, meðal annars á sviði virðisauka í landbúnaði, kolefniseininga, ullarvinnslu, sniglaræktar og lífrænnar grænmetisræktar. Þá var einnig fjallað um hvaða þættir hafa áhrif á aðdráttarafl dreifbýlis fyrir ungt fólk.

## Starfamesa

Starfamesa fyrir ungmenni á Norðurlandi vestra var haldin 20. nóvember og var hún eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar landshlutans á árinu. Um var að ræða þriðja skiptið sem messan var haldin, þar sem ungmennum gafst tækifæri til að kynna fjölbreyttum starfsgreinum, bæði innan og utan landshlutans, sem og bakgrunni þeirra og menntunarkröfum.

Nemendum í 9. og 10. bekk grunnskóla á svæðinu, auk nemenda Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, var boðið að taka þátt og eiga samtali við fagfólk úr ólíkum greinum. Líkt og áður var boðið upp á sætaferðir fyrir nemendur úr grunnskólum utan Sauðárkróks til að tryggja jafnt aðgengi að viðburðinum.

## Erum við með nóg í hillunum?

Í framhaldi af vinnustofu sem haldin var á Akureyri í lok september, þar sem kallað var eftir auknum ferðamöguleikum vestan Tröllaskaga, var brugðist við með frekari kynningu og samtali við ferðapjónustuaðila á svæðinu.

Á fundi sem haldinn var í kjölfarið var farið yfir tækifæri tengd vaxandi flugi, sérstaklega yfir vetrartímann, og mikilvægi þess að byggja upp fjölbreytt framboð þjónustu og afþreyingar. Í dagskránni var meðal annars fjallað um tækifæri tengd sólmyrkva árið 2026, þróun kjarnasvæða (e. hub development) og möguleika á frekari dreifingu ferðamanna. Einnig voru kynntar reynslusögur úr ferðapjónustu, þar sem aðilar deildu lærdómi af því að nýta flugið til að efla starfsemi sína.